

✉ Re: Kynning á tillögu að heildarendurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032.

Búið til	5.1.2022 21:25:00
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	5.1.2022 21:24:59
Tilheyrir	📁 202112-0048 - Kynning á tillögu að heildarendurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032.

Efni

Re: Kynning á tillögu að heildarendurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032.

Upplýsingar

Sent	5.1.2022 21:24:59	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	ulfar@hvolsvollur.is

Innihald

Góðan daginn og gleðilegt nýtt ár.

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um aðalskipulagstillöguna.

Tilvísun í mál nr. 202112-0048 (SS, BK, LA).

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulags- og byggingafulltrúa Rangárþings eystra, dags. 20. desember 2021, þar sem óskað er eftir ábendingum eða athugasemdum við vinnslutillögu að nýju aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögnin sem fylgja tillögunni og samanstanda þau af greinargerð, forsendu- og umhverfismatsskýrslu og skýringarkortum. Með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, kemur fram flest það sem fjalla þarf um í frekari vinnu við nýtt aðalskipulag og almennt er umfjöllun ítarleg og vönduð.

Jákvæð er sú almenna áhersla í tillögunni um mikilvægi þess að vernda náttúru svæðisins þegar kemur að ákvarðanatöku fyrir einstaka landnotkun eða framkvæmdir. Mikilvægt er að þessi áhersla endurspeglis í ákvarðanatöku um einstök skipulagsáform og á síðari stigum við deiliskipulagsgerð eða leyfisveitingar.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

Dreifbýli – stefnumörkun

-

Gert er ráð fyrir nokkrum nýjum litlum þéttbýliskjörnum og einnig töluvert mikilli uppbyggingu frístundabyggða, bæði á þegar skipulögðum frístundasvæðum sem og nýjum svæðum.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að við skipulag sé tekið tillit til náttúrufars þeirra svæða sem á að taka undir slíka byggð. Til dæmis geta verið mikilvæg búsvæði fugla á opnum svæðum þar sem er mólendi.

Frístundabyggðir breyta einnig landslagi og geta haft áhrif á merkar jarðminjar, skemmt þær eða breytt sýnileika þeirra og aðgengi að þeim. Heppilegt er að staðsetja frístundabyggð á svæðum þar sem fyrir er svæðum hefur þegar verið breytt t.d. með skógrækt eða skjólbeltum eins og í landi Kirkjulækjarkots.

Gert er ráð fyrir 52 lóðum fyrir frístundahús á jörðinni Langanes við Eystri Rangá. Þetta svæði liggur upp að tveimur votlendissvæðum með hátt verndargildi þar sem eru mikilvæg búsvæði fugla. Svæðin eru undir hverfisvernd í aðalskipulagstillögunni sem er jákvætt en hætta er á að svo mikil uppbygging í næsta nágrenni geti rýrt verndarstöðu þessara búsvæða. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti ekki að heimila svo mikla uppbyggingu á þessu svæði. Svæðin eru einnig á tillögum stofnunarinnar að B-hluta náttúruminjaskrár: Eystri-Rangá | Náttúrufræðistofnun Íslands (ni.is) (<https://www.ni.is/node/21647>)

Áætluð uppbygging á jörðinni Völlur 1 er einnig í næsta nágrenni við og að hluta til innan hverfisverndaðs fuglasvæðis. Það er ekki skynsamlegt að mati Náttúrufræðistofnunar og getur unnið gegn markmiðum aðalskipulagstillögunnar um að vernda búsvæði fugla og votlendi. Þar er t.d. mjög þétt spóavarp en spóar eru viðkvæmir fyrir nálægð við mannvirki af flestum toga og velja sér opin svæði sem búsvæði.

Stefnt er að mikilli uppbyggingu á reitum í landi Múlakots í Fljótshlíð úti á Markarfljótsaurum. Þar eru mikilvæg búsvæði fuglategunda sem vilja opin svæði t.d. spóa og kjóa sem er á valista. Sú umfangsmikla frístundabyggð sem þar er áætluð getur ógnað þessum búsvæðum að mati Náttúrufræðistofnunar. Leggja þyrfti betur mat á útbreiðslu og þéttleika óðala mikilvægra fuglategunda á svæðinu áður en frekari uppbygging er heimiluð í deiliskipulagi. Þá vekur einnig athygli að sum af þessum áætluðu frístundabyggðum á Markarfljótsaurum eru innan skilgreinds náttúruvársvæðis vegna hættu á flóðum t.d. svæði F26 sem liggur upp að varnargörðum.

Jákvætt er að í stefnu um landbúnaðarsvæði sé stefnt að því að gera áætlun um endurheimt votlendissvæða og að stækka náttúrulega birkiskóga.

Jákvætt er að í stefnu um skógrækt sé stefnt að því að hefta útbreiðslu ágengra plöntutegunda. Náttúrufræðistofnun vill benda á að sumar trjátegundir sem notaðar eru í skógrækt geta sáð sér í töluverðum mæli við vissar aðstæður og því þarf að fylgjast með. Þá er jákvætt að við skipulag skógræktar verði hugað að því að vernda landslag og ásýnd. Náttúrufræðistofnun bendir á að einnig þurfi að huga að verndun verðmætra vistgerða og búsvæða fugla sem forðast skóglendi svo sem vaðfugla. Ekki er einungis um að ræða það svæði sem fer undir skógræktina heldur hefur skógur einnig jaðaráhrif sem nær töluverða vegalengd út frá honum. Þessi jaðaráhrif lýsa sér þannig að þéttleiki margra vaðfugla er lægri þegar nær dregur skóginum en fjær. Því getur búsvæðatap vaðfugla vegna skógræktar verið umtalsvert meira en augljóst er í fyrstu. Skjólbelti ætti einnig að nota sparlega og helst í grennd við önnur fyrirbyggjandi mannvirki sem þegar hafa fælandi jaðaráhrif.

Á helstu ferðamannastöðum þarf að rýna öll áform um uppbyggingu bygginga og annarra mannvirkja með tilliti til náttúrufars og verndargildis þ.m.t. landslags. Sérkennilegt er að sum viðkvæm hverfisverndarsvæði eru einnig skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði t.d. Drumbabót þar sem viðkvæmar náttúruminjarnar þola mjög takmarkaðan ágang.

Í kafla um strandsvæði er gefin heimild til skógræktar. Margar vistgerðir sem einkenna strandsvæði eru ekki kjörlendi trjáplantna og sama á við um landslagssvæði strandsvæða, sérstaklega nálægt sjó en einnig á áreyrum. Huga þarf að verndargildi strandsvæða í sínu náttúrulega ástandi áður en heimildir eru veittar til einstakra skógræktarverkefna.

Afar jákvætt er að stefnt sé að því að sem flestar raflínur verði settar í jörð. Til að draga úr neikvæðum áhrifum mætti skoða það að setja upp merkingar/fælur á þær línur sem ekki fara í jörð á völdum línubilum þar sem áflug fugla er þekkt eða líklegt.

Við val á staðsetningu vindlunda og/eða stakra vindrafstöðva þarf að fara fram greining á flugleiðum fugla yfir svæðið.

Verndarsvæði

-

Jákvætt er að leitast verði við að endurheimta votlendi sem og vernda og endurheimta búsvæði vaðfugla. Náttúrufræðistofnun vill benda á að tækifæri sem felast í endurheimt á svæðum sem liggja að verndarsvæðum t.d. friðlýstum svæðum, hverfisvernduðum svæðum eða svæðum á náttúruminjaskrá. Slíkt styrkir verndarsvæðin og getur falið í sér tækifæri til stækkunar.

Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellsheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega háa þéttleika vaðfugla.

Umrætt svæði er einnig líklega það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að búsvæðum vaðfugla á svæðinu. Má þar nefna hugmyndir um stórfellda aukningu í skógrækt á láglandi, aukinn fjölda sumarhúsabyggða og dreifingu lúpínu. Auk þess mun hækkandi hitastig og minnkandi sauðfjárbreit víða leiða til hávaxnari og þéttari gróðurs en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og þrífast ekki í skóglendi.

Það er því brýnt að sveitarfélög, sérstaklega innan Suðurlandsundirlendisins, marki sér stefnu um verndun og endurheimt búsvæða vaðfugla en auk þess að það sé tekið sé tillit til þarfa þeirra við hvers kyns skipulag og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif framkvæmda á vaðfugla.

Nýlega kom út greinin *Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla* í Náttúrufræðingnum (Tómas Grétar Gunnarsson, 2020) og ættu allir sem koma að skipulagsmálum í dreifbýli að kynna sér efni þessarar greinar.

Jákvætt er að sjá hve hverfisvernd er beitt sterklega í aðalskipulagi sveitarfélagsins og er hvatt til þess að horfa til frekari tækifæra til hverfisverndar þar sem það á við t. d. á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá.

Umhverfismatsskýrsla

Í töflu 16 er vísað í alþjóðasamþykkt um fuglavernd. Ekki er skýrt í hvaða tilteknu samþykkt sé verið að vísa. Fjallað er um hugtakið „vargfugl“ í þessu samhengi en Náttúrufræðistofnun mælir gegn því að það sé notað, betra er að tala um tegundir sem valda tjóni.

Heimsmarkmið 15 – Líf á landi, ætti einnig að vera til hliðsjónar þegar kemur að vernd náttúruminja.

Í kafla 7.5.1 um stefnu sveitarfélagsins í loftslagsmálum vantar undir liðinn „Stefna“ á bæs. 72-3 að minnast á endurheimt og vernd votlendis sem mikilvægt atriði. Víða í aðalskipulagstillögunni er lögð áhersla á endurheimt og vernd votlendis og full ástæða er til að tengja það við stefnu í loftslagsmálum á skýrari hátt. Undir liðnum áhrif segir að skógrækt geti hjálpað til við að endurheimta landgæði og vistgerðir. Það fer mjög eftir því hvernig skógrækt um er að ræða. Ræktun nytjaskógar með framandi trjátegundum getur t.d. aldrei talist til endurheimtar vistkerfa. Í töflu 19 ætti í liðnum „verndun og endurheimt votlendis“ að vísa einnig í þau votlendisverndarsvæði sem hafa verið skilgreind t.d. undir hverfisvernd.

Náttúrufræðistofnun gafst fremur skammur tími til að kynna sér aðalskipulagstillöguna eða einungis tvær vikur yfir jóla og áramót. Ekki gafst því gaumur að skoða öll efnisatriði til hlítar. Stofnunin áskilur sér því rétt á frekari athugasemdum á auglýsingatíma aðalskipulagsins.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Guðmundur Úlfar Gíslason" <ulfar@hvolsvollur.is>
To: "Ólafur Júl Byggingarfulltrúi" <bygg@klaustur.is>; "George Frumuselu" <bygg@vik.is>; "Haraldur Birgir Haraldsson" <birgir@ry.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Barði Þorkelsson" <bardi@vedur.is>; "Land.is - LAND" <land-land@land.is>; "skogur@skogur.is" <skogur@skogur.is>; "Kristinn Magnússon" <kristinn@minjastofnun.is>; "Erna Bára Hreinsdóttir - VG" <erna.b.hreinsdottir@vegagerdin.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "fiskistofa" <fiskistofa@fiskistofa.is>; "Upplýsingar - FERDA" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>; "Berglind Sigmundsdóttir" <berglind@katlageopark.is>; "postur@vestmannaeyjar.is" <postur@vestmannaeyjar.is>; "for@for.is" <for@for.is>; "landsvirkjun@landsvirkjun.is" <landsvirkjun@landsvirkjun.is>; "landsnet@landsnet.is" <landsnet@landsnet.is>; "postur@anr.is" <postur@anr.is>; "Tómas Grétar Gunnarsson - HI" <tomas@hi.is>
CC:

Subject: Kynning á tillögu að heildarendurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032.

Date: 20.12.2021 11:59:53

Sæl verið þið

Í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með kynnt tillaga að heildarendurskoðun aðalskipulags Rangárþings eystra 2020-2032. Tillagan, ásamt öllum fylgigögnum, er aðgengileg á heimasíu sveitarfélagsins www.hvolsvollur.is undir skipulags- og byggingarmál. Vinsamlegast komið með athugasemdir fyrir lok dags þann 5. janúar nk.

Hér er hlekkur á gögnin á heimasíðunni.

<https://efla-engineers.maps.arcgis.com/apps/MapSeries/index.html?appid=e0538f47d6b342969ca238e34fd0e622> (<https://efla-engineers.maps.arcgis.com/apps/MapSeries/index.html?appid=e0538f47d6b342969ca238e34fd0e622>)

Kveðja,

Guðmundur Úlfar Gíslason

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra

ulfar@hvolsvollur.is (mailto:ulfar@hvolsvollur.is)



Rangárþing eystra

Sími: 354 4884200 hvolsvollur@hvolsvollur.is
(mailto:hvolsvollur@hvolsvollur.is)

Austurvegi 4 kt.470602-2440

860 Hvolsvöllur www.hvolsvollur.is
(http://www.hvolsvollur.is/)

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr. 47.gr (http://47.gr/). laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

Viðhengi

image001.png (5 KB)

image003.jpg (2 KB)